

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2011

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 480676-0179

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|------|
| Skýrsla og staðfesting stjórnenda | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |


Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.


Á árinu 2011 var tekjuafgangur sjóðsins 146,7 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 383,3 m.kr, skuldir 236,6 m.kr. og eigið fé 146,7 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Reykjavík, 18. september 2012



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Lúðvík Geirsson
formaður ráðgjafarnefndar
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 18. september 2012



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2011

| | Skýr. | 2011 |
|---|---------------------------|-----------------------|
| Tekjur | | |
| Framlag úr ríkissjóði..... | 1 | 3.490.012 |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga..... | 2 | 348.336 |
| Sala fasteigna..... | 3 | 35.500 |
| | Tekjur alls | <u>3.873.848</u> |
| Framlög | | |
| Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga..... | 4 | 233.800 |
| Rekstrarkostnaður | | |
| Laun og launatengd gjöld..... | 5 | 185 |
| Annar rekstrarkostnaður..... | 6 | 6.826 |
| | Rekstrarkostnaður samtals | <u>7.011</u> |
| Eignakaup..... | 7 | 3.490.012 |
| | Framlög og gjöld alls | <u>3.730.823</u> |
| Rekstrarhagnaður..... | | 143.025 |
| Hreinar fjármagnstekjur..... | 8 | <u>3.659</u> |
| Tekjuafgangur ársins | | <u><u>146.684</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | 31.12.2011 |
|----------------------------|-------|-----------------------|
| Veltufjármunir: | | |
| Áfallnar vaxtatekjur..... | | 3.580 |
| Aðrar skammtímakröfur..... | | <u>17</u> |
| Skammtímakröfur samtals | | <u>3.597</u> |
| Handbært fé: | | |
| Bankareikningar..... | | <u>379.680</u> |
| Eignir alls | | <u><u>383.277</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 31.12.2011 |
|--------------------------------------|-------|-----------------------|
| Skuldir og eigið fé | | |
| Eigið fé | | |
| Höfuðstóll..... | 10 | <u>146.684</u> |
| Skammtímaskuldir: | | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur..... | | 716 |
| Ógreidd framlög..... | 9 | 233.800 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | | <u>2.077</u> |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>236.593</u> |
| Skuldir samtals | | <u>236.593</u> |
| Skuldir og eigið fé alls | | <u><u>383.277</u></u> |

Sjóðstreymi árið 2011

| | Skýr. | 2011 |
|---|-------|-----------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | |
| <i>Veltufé frá rekstri</i> | | |
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi..... | | 146.684 |
| Veltufé frá rekstri | | <u>146.684</u> |
| <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i> | | |
| Skammtímafröfur (hækkun), lækkun..... | | (3.597) |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun..... | | 236.593 |
| | | <u>232.996</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | 379.680 |
| | | |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé..... | | 379.680 |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | | <u>0</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u><u>379.680</u></u> |

Skýringar

Grundvöllur reikningskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Varanlegir rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup en ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins er ársreikningurinn að öðru leyti gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skýringar

Framlag ríkisins

1. Upphafsframlag ríkisins til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemur samtölu fasteignamats þeirra fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk og áður voru skráðar sem eign Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

2011

Framlag ríkisins..... 3.490.012

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

2. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins er eins og áður hafði verið greitt Framkvæmdasjóði fatlaðra á fjárlögum

Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 348.336

Sala eigna

3. Á árinu 2011 var ein fasteign seld, fasteignin að Borgarholtsbraut 51 í Kópavogi

Sala eigna..... 35.500

Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

4. Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli d-liðar 2. greinar reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 1067/2010 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 233.800

Starfsmannamál

5. Laun og launatengd gjöld vegna fulltrúa í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins eru færð hér.

Nefndar og stjórnarlaun..... 158

Launatengd gjöld..... 27

185

Skýringar

Annar rekstrarkostnaður

2011

| | |
|----------------------------------|--------------|
| 6. Aðkeypt sérfræðiþjónusta..... | 2.520 |
| Viðhald húsnæðis..... | 2.021 |
| Ýmis rekstrarkostnaður..... | 2.285 |
| | <u>6.826</u> |

Eignakaup

7. Fasteignasjóðurinn notar framlag ríkisins sbr. skýringu 1 til kaupa á fasteignum sem áður voru skráðar eign Framkvæmdastjóðs fatlaðra

Fasteignakaup..... 3.490.012

Fjármunatekjur

8. Fjármunatekjur greinast þannig:

| | |
|----------------------------|--------------|
| Vaxtatekjur..... | 4.574 |
| Fjármagnstekjuskattur..... | (915) |
| | <u>3.659</u> |

Ógreidd framlög

9. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga..... 233.800

Eigið fé

10. Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu 2011 greinist þannig:

| | |
|----------------------------|----------------|
| Höfuðstóll 1/1 | 0 |
| Tekjuafgangur ársins | 146.684 |
| Höfuðstóll 31/12 | <u>146.684</u> |